



FSu sigrar Söngkeppni framhaldsskólanna

Emilía með verðlaunagripinn. Mynd: Hilmar Friðjónsson.

Þorlákshafnarmærin Emilía Hugrún Lárusdóttir, ásamt skólahljómsveit Fjölbrotaskóla Suðurlands, kom sá og sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Húsavík sunnudagskvöldið 3. apríl en Emilía söng lag Ettu James, I'd rather go

blind svo listilega að Etta heitin væri eflaust hæstánægð með þennan stórkostlega flutning.

FSu hefur einu sinni áður borið sigur úr býtum í Söngkeppninni, en árið 1990 sigraði „föðurnafni“ Emilíu, Lárus Ingi Magnússon allra fyrstu Söng-

keppnina með laginu Eltu mig uppi sem Sálín hans Jóns mínus gerði frægt ári áður.

Við óskum Emilíu innilega til hamingju með vel verðskuldaðan sigur og hlökkum til að fylgjast áfram með þessari mögnuðu, Sunnlensku söngkonu. -HGL



Fögnuðu upphafi framkvæmda á skólasvæði á Hellu

Það var gleði og eftirvænting í lofti á Hellu meðal nemenda og starfsmanna leik- tónlistar- og grunnskólans sl. miðvikudag þegar efnt var til sérstakrar skólahátíðar í tilefni af upphafi framkvæmda við uppbyggingu skólasvæðisins. Fjöldi íbúa tók einnig þátt í þessari stuttu en afar skemmti-

legu athöfn með nemendum og starfsfólki skólanna en í kjölfarið hefur verið opnuð kynning á verkefninu á efri hæð íþróttahússins fyrir alla áhugasama. Sú kynning mun standa fram á vorið og eru allir velkomnir.

Nánar um framkvæmdirnar á bls. 14 í blaðinu.

Kirkjuhvoll fær súrefnissíu að gjöf

Þann 18. mars sl. komu dætur og tengdadóttir Steinunnar Guðnýjar Sveinsdóttur í heimsókn á dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjuhvoll á Hvolsvelli og færðu heimilinu súrefnissíu. Þegar gjöfin var afhent kom Unnsteinn Árnason óperusöngvari, dótturson-

ur Steinunnar, og flutti nokkur lög sem gladdi íbúa og starfsfólk mjög. Þessi veglega gjöf mun koma sér ákaflega vel fyrir Kirkjuhvoll og eru þeim systur Sigurveigu, Hildi, Guðlaugu, Hördísi, Jónu, Þór- unni og mágkonu þeirra, Gróu, færðar góðar þakkir fyrir.



Fáðu fagmann í verkið

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



KJÓLADAGAR

ALLIR KJÓLAR HJÁ OKKUR Á AFSLÆTTI

MIÐVIKUDAG TIL MÁNUDAGS

WWW.TISKUVERSLUN.IS

AFSLÁTTARKÓÐI: KJÓLAR20

LINDIN

TÍSKUVERSLUN

Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Útboð

Bláskógabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Reykholt-Tungurimi og Borgarrimi

Verklok eru 01.12.2022

Verkið felur í sér gerð á nýjum götum Tungurima og Borgarrima í Reykholti, Bláskógabyggð.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kennisniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósa-staura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annara veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	2.200 m ³
Styrktarlag og fylling í lagnaskurði.	7.500 m ³
Fráveitulagnir.	815 m
Vatnsveitulagnir	385 m
Ljósastaurar.	23 stk
Hitaveitulagnir	602 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðjudeginum 29. mars 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Sigrúnu hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið sru@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 13. apríl 2022 og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógabyggðar



Prentmet Oddi hlýtur jafnlaunavottun

Prentmet Oddi hefur hlotið jafnlaunavottun samkvæmt jafnlaunastaðlinum ÍST85. Vottunin er staðfesting á því að jafnlaunakerfi Prentmets Odda stenst kröfur Jafnlaunastaðalsins og með jafnlaunavottuninni hefur Prentmet Oddi öðlast heimild Jafnréttisstofu að nota jafnlaunamerkið til næstu þriggja ára.

Ingibjörg Steinunn Ingjaldsdóttir og Guðmundur Ragnar Guðmundsson eigendur og forsvarmenn Prentmets Odda tóku við skírteini þessu til staðfestingar frá Jóni Karlssyni frá vottunarstofunni Icirt. Þau segja þetta vera mjög jákvætt skref í þróun fyrirtækisins sem hefur leitt til mun faglegri og markvissari vinnubragða við mat



Jón Karsson ásamt eigendum Prentmets Odda, Ingibjörgu Steinunni Ingjaldsdóttur og Guðmundi Ragnari Guðmundssyni.

launa til þess að fylgja jafnlaunastefnunni. Allt starfsfólk skal fá greidd jöfn laun og njóta sömu starfskjara fyrir jafnverðmæt störf samkvæmt stefnunni.

Sumri fagnað með Karlakór Selfoss Vortónleikar 2022

Það er vel hálfrar aldar gömul hefð fyrir vortónleikum Karlakórs Selfoss á sumardaginn fyrsta. Og nú, þegar hillir undir lok á vindasömum og erfiðum veiru-vetri, boða kórfélagar til tónleika í Selfosskirkju að kvöldi sumardagsins fyrsta, þann 21. apríl, kl. 20:00.

Æfingar hafa vægast sagt gengið brösulega síðustu tvö ár þar sem veiruskrattinn hefur margoft sett okkur stólinn fyrir dyrnar - og þess vegna þurfti að aflýsa vortónleikunum 2020 og 2021. Og ekki horfði vel til æfinga í byrjun þessa starfsárs, því þótt veiran væri á undanhaldi, þá hamlaði veður æfingum viku eftir viku. En með þrautsegu og útsjónasemi stjórnanda og píanóleikara - og að sjálfsögðu forráðamanna kórsins, tókst að setja saman og æfa áhugaverða söngskrá sem Karlakór Selfoss ætlar að bjóða uppá í vor. Eins



og undanfarin ár eru þeir Skarphéðinn Þór Hjartarson stjórnandi kórsins og Jón Bjarnason píanóleikari.

Ef gluggað er í söngskrá tónleikanna er þar að finna bæði gömul og ný lög og kórinn hefur sum þeirra flutt áður, en vert er að nefna að á söngskránni er dásamlegt þjóðlag frá Úkraínu við afar fallegan texta Guðmundar Guðmundssonar skólaskálds,

sem heitir „Kvöldblíðan lognværa“.

Sem fyrr segir verða tónleikar haldnir í Selfosskirkju á sumardaginn fyrsta og síðan verða tónleikar nr. 2 haldnir í Selfosskirkju þriðjudaginn 26. apríl kl. 20:00 og lokatónleikar laugardaginn 30. apríl í Skálholtsdómkirkju kl. 17:00.

Aðgöngumiðaverð er kr. 3000. -VB:

Næstu útgáfur Dagskrárinnar

Næstu útgáfudagar Dagskrárinnar eru 13. og 27. apríl. Ekkert blað kemur út miðvikudaginn 20. apríl vegna páska og sumardagsins fyrsta. Við minnum fólk á að bóka auglýsingar tímanlega í kringum páskana.

*Sunnudags
tilboð*

**FJÖLSKYLDU
TILBOÐ**

**HAMBORGARAR
& FRANSKAR**

FAMILY SPECIAL

4.590 kr.



Tilboð gildir út apríl 2022

N1 Hvolsvöllur



Nesti

Að halda úti eðlilegu skólastarfi við óeðlilegar aðstæður

Arna Ír Gunnarsdóttir

bæjarfulltrúi
Samfylkingarinnar í Svf. Árborg.



Í þau rúmu tvö ár sem áhrifa heimsfaraldurs hefur gætt í samfélaginu með tilheyrandi samkomutakmörkunum hafa yfirvöld lagt ríka áherslu á að sem minnst röskun yrði á skólastarfi í landinu. Skólinn er eitt af okkar mikilvægustu jöfnunartækjum og daglegt skólastarf gríðarlega mikilvægt fyrir öll börn. Námið sjálft er börnunum að sjálfsögðu mikilvægt en ekki síður sú félagslega virkni, aðhald og dagleg rúttina sem fylgir skólagoðgunni.

Að þrjóna ný mynstur daglega

Undanfarin tvö ár hafa verið stórkostleg áskorun fyrir helsta framlínustarfsfólk sveitarfélaga, starfsfólkið okkar í leik- og grunnskólum. Dag hvern hafa stjórnendur skólanna staðið frammi fyrir flóknum úrlausnarefnum til þess að ná að halda daglegu skólastarfi gangandi. Stjórnendur og starfsfólk í skólunum er orðið að sérfræðingum í að þrjóna ný mynstur og að hugsa út fyrir kassann í þeirri viðleitni að halda uppi sem eðlilegustu skólastarfi við algerlega

óeðlilegar aðstæður. Að vinna dag eftir dag, viku eftir viku og mánuð eftir mánuð út frá falið-unaráætlunum, þar sem enginn tími er fyrir neitt annað en að halda skútunni á floti er gríðarlega krefjandi.

Skólarnir stóðu frammi fyrir fjölmörgum nýjum verkefnum þar sem ekki var mögulegt að styðjast við fyrri reynslu til þess að leysa. Skólastjórnendur voru meira að segja farnir að sinna daglega almannavarnarverkefnum eins og smitrakningu. Þetta hefur auðvitað haft þau áhrif að lítill tími hefur verið af-lögu til að sinna faglegri forystu, stuðningi við starfsfólk eða annarri faglegri þróunarvinnu sem er nauðsynlegur þáttur í nútíma skólastarfi.

Þakkir til starfsfólks

Það er í raun algerlega aðdánarvert hversu vel skólastarfið hefur gengið þrátt fyrir allt. Það er gæfa okkar að starfsfólk skólanna hefur sýnt æðruleysi og unnið af röggsemi til að bregðast við sibreytilegum veruleika. Starfsfólk hefur kappkostað að halda úti eins mikilli þjónustu og mögulegt hefur verið, oft við mikla óvissu um eigið öryggi. Ég vil sem foreldri og bæjarfulltrúi færa öllu starfsfólki í leik- og grunnskólum í Svf. Árborg miklar þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að standa í

framlínunni í heimsfaraldrinum og halda skólastarfinu gangandi.

Nú er það verkefni sveitarfélagsins að leggja áherslu á að hlúa að og huga að líðan starfsfólks grunn- og leikskóla eftir þennan flókna og erfiða tíma. Það þarf að styðja við starfsfólkið með margvíslegum hætti eins og t.d. með viðeigandi fræðslu- og námskeiðshaldi sem tekur mið af því sem á undan er gengið. Það þarf að halda þétt utan um starfsmenn, því sveitarfélög reka ekki skóla án öflugs starfsfólks.

Þakkir til foreldra

Að sjálfsögðu hefur þessi covid tími verið erfiður fyrir foreldra leik- og grunnskólabarna þar sem hin mikilvæga daglega rúttina hefur oft og tíðum riðlast algerlega. Margir foreldrar hafa misst mikið úr vinnu og reynt hefur verulega á heimilinn. Mig langar líka að nota þetta tækifæri og þakka foreldrum fyrir skilning og þolinmæði þegar grípa hefur til þess úrræðis að fella niður skólahald eða loka deildum í ástandinu.

Við erum öll reynslunni ríkari eftir þessa fordæmalaus tíma. Vonandi mun sú reynsla nýtast okkur til góðs þó svo að við viljum ekki upplifa viðlíka tíma aftur.

Höfundur er
formaður fræðslunefndar

Samningar við björgunarsveitir í Bláskógabyggð

Í febrúar sl. var gengið frá samningi milli Bláskógabyggðar og Björgunarsveitarinnar Ingunnar á Laugarvatni og nú í lok mars var einnig gengið frá samningi milli Bláskógabyggðar og Björgunarsveitar Biskupstungna. Um er

að ræða samninga til 3ja ára þar sem ákveðinn er rekstrarstyrkur sveitarfélagsins til björgunarsveitanna, m.a. til ungmenntastarfs, og styrkur til reksturs fasteigna þeirra. Einnig er samið um önnur verkefni, svo sem umsjón með flugeldasýningu

og gæslu í Tungnaréttum. Samstarf sveitarfélagsins og björgunarsveitanna er mjög gott og er framlag björgunarsveitanna til öryggis- og almannavarnamála mikilvægt fyrir íbúa og gesti í Bláskógabyggð.



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi,
Eyravegi 25, 800 Selfoss,
sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.
Ritstjóri: Björgvin Rúnar Valentinsson,
sími 856 0656, dfs@dfs.is.
Auglýsingadeild: Sími 482 1944,
auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi.
Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókaútgáfan HÓLAR

Hestur skreytta hana ber,
há og grönn sú kona er.
Gaukurinn á bænum bjó,
bullan hana niður sló.

Svar við gátu í blaði 2643: **KAR**
1. Fiskkar - 2. Baðkar
3. Kar, fæðingarslím - 4. Sykurkar



Það er mér mikil ánægja að fá að vera Matgæðingur vikunnar og þakka Katrínu fyrir áskorunina. Ég kynni hér til leiks Tom Kha Gai súpu sem mér og mínu fólki þykir alltaf jafn góð og er gjarnan á matseðilnum í afmælisveislum, skírmarveislum eða bara til að gleðja bragðlaukana og njóta á góðum degi. Það eru til margar útgáfur af súpunni og ef þið viljið bæta fleiru í hana þá er bara að fara á netið og skoða.

Tom Kha Gai – kjúklingasúpa

1 grillkjúklingur - ágætur þessi sem er hægt að grípa tilbúinn í Nettó, bara passa að taka skinnið af.

2 matsk. hnetuolía eða önnur góð olía.

1 matsk. sítrónugras /sítrónumelissa söxuð. Það er ekki alltaf hægt að finna sítrónumelissu hjá fersku kryddjurtunum í búðunum. Þá raspa ég smá sítrónubörk út í súpuna og kreisti ca hálfa sítrónu út í, það er ekkert síðra.

3 tesk. engifer, vel saxað.

2 hvítlauksrif, söxuð.

3 græn chili, smátt söxuð.

1 tesk. turmerik.

800 ml. (2 dósir) kókosmjólk, ekki nota fituskerta.

3 bollar (750ml.) kjúklingasoð – skiptir máli að nota gott soð. ¾ bolli vatn – alls ekki meira! 1 matsk. fiskisósa, t.d. frá Blue Dragon.

Grænn hluti þúrru fínt saxaður og settur út súpuna ca 15 mín. áður en hún er borin fram.

Byrjum á að hita olíu í súpu-pottinum, bara vægan hita - og steikja saman sítrónugras (eða raspaðan bork af tæplega hálfri sítrónu), engifer, hvítlauk, chili og turmerik í ca 2-3 mínútur. Síðan er kjúklingasoðið og kókosmjólkinn sett í pottinn ásamt vatninu og fiskisósunni. Ef notuð er sítróna í stað sítrónumelissu þá kreistir maður á þessu stigi safa úr ½ sítrónu



Hrafnhildur Karlsdóttir
er Matgæðingurinn þessa viku

út í súpuna. Kjúklingurinn er hlutaður niður og síðan er kjötið skorið í hæfilega bita og sett út í súpuna. Þösum að vera búin að taka skinnið af kjúklingnum því kryddið á honum getur verið sterkt og truflað ekta góða Tom Kha Gai bragðið. Nú er suðan látin koma upp, en þösum að súpan sjóði ekki. Gott er að súpan bíði í amk. 15 mínútur áður en hún er borin fram og munum eftir að drussa þúrrunni yfir súpuna í lokin. Mér finnst súpan enn betri ef hún fær að bíða í pottinum í amk. 30 mín. áður en hún er borðuð svo að bragðið nái að taka sig vel. Súpan er líka mjög góð upphituð daginn eftir.

Prófið ykkur endilega áfram með chili, engifer, sítrónugras/sítrónu og hvítlauk, sumir vilja sterka súpu sem rífur í en aðrir vilja hafa hana mildari. Gott er að hafa brauð eða hrökkbrauð með súpunni, í veislum höfum við gjarnan alls kyns brauð, pestó og saltað eða kryddað smjör með.

Verði ykkur að góðu.

Ég skora á Sirrý systur mína, **Sigríði Karlsdóttur**, að birta einhverja góða uppskrift í næsta blaði. Hún er ein fátta sem ég þekki sem er með matreiðslubækur á náttborðinu og les uppskriftir sér til ánægju og yndis. Hún er meistarakokkur og mun áreiðanlega koma með uppskrift að spennandi krásum í næstu viku.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Gáta þarsíðustu viku

Svar við gátu í blaði 2642: **BRANDUR**
1. Þangbrandur - 2. Sultarbrandur
3. Slagbrandur





Við stækkum fermingar- gjöfina þína

Við leggjum til allt að **12.000** króna mótframlag þegar fermingarbörn leggja inn á Framtíðargrunn og í verðbréfasjóð. Það borgar sig að spara til framtíðar.

Velkomin í Landsbankann.

LANDSBANKINN.IS

STARF

Viltu véla um vélar hjá okkur?

Óskum eftir að ráða vélfræðing í öflugt teymi starfsfólks á þjósársvæði. Í starfinu felst **viðhald, eftirlit og rekstur** aflstöðva og veitumannvirkja. Fjölbreytt og krefjandi starf við ástandsmælingar og greiningar á vélbúnaði.


Hæfniskröfur:

- Vélfræðimenntun
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni til að tileinka sér nýjungar
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af raforkuvirkjum eða iðnaði er kostur
- Geta til að kynna starf sitt fyrir öðrum
- Góð tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl

Fyrirspurnir má senda á
starf@landsvirkjun.is

Sótt er um starfið á vef Landsvirkjunar
landsvirkjun.is/laus-storf



Bobby.is

Garnvefverslunin bobby.is er staðsett að Bjarkarheiði 22 í Hveragerði, við höfum fasta opnunartíma mánudaga og fimmtudaga frá kl. 16-18

Úrval af garntegundum frá Viking í Noregi ásamt uppskriftarheftum.

Velkomid að hringja og athuga hvort við séum við á öðrum tímum í síma 7742324

Hlökkum til að sjá ykkur
Bobbýjardætur ehf



Rafmiðlun

Óskum eftir rafvirkjum til starfa.

Vegna góðrar verkefnastöðu vantar okkur flottan rafvirkja í hópinn okkar.

Við leitum að öflugum, jákvæðum og þjónustuliprum einstaklingi sem er til í að takast á við skemmtileg og krefjandi verkefni.

Viðkomandi þarf að vera vanur að vinna í teymi, stundvís, nákvæm vinnubrögð og starfsreynsla er æskileg. Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um.

Gert er ráð fyrir því að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Rafmiðlun byggir á frábærum hóp kröftugra einstaklinga með mikinn metnað fyrir fagmennsku og hefur að leiðarljósi að veita viðskiptavinum sínum frábæra þjónustu.

Umsóknir ásamt ferilssrká skal senda á Vilborg@rafmidlun.is

Fullum trúnaði er heitið og
Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veitir Vilborg starfsmannastjóri, Vilborg@rafmidlun.is

Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvætt og lausnamiðað hugarfar
- Bílpróf
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum

MAMMA SPYR BARNABÖRNIN HVORT ÞAU SÉU BÚIN AÐ LESA segir lestrarhesturinn Tinna Rut Torfadóttir

Tinna Rut Torfadóttir er fædd og uppalin í Njarðvík en hefur búið í Hveragerði frá þrettán ára aldri og er þar enn. Tinna er með B.Ed gráðu í kennslufræðum, B.A gráðu í sálfræði og Cand.Psych gráðu í klínískri sálfræði frá Háskóla Íslands. Áður starfaði Tinna sem umsjónarkennari í Sunnu-lækjarskóla frá 2007-2015 en starfar í dag sem sálfræðingur hjá Sveitarfélaginu Árborg ásamt því að reka Sálfræðistofuna Sálarlíf á Selfossi að Austurvegi 42 sem sinnir greiningu og meðferð fyrir börn, unglinga jafnt sem fullorðna einstaklinga.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Núna er ég að lesa *Barnið í garðinum* en um er að ræða sjálfsævisögulega bók eftir lögmanninn Sævar Þór Jónsson. Í bókinni fer Sævar Þór yfir erfiða æsku, áföll fíkn og misnóktun. Þá er ekki langt síðan ég lauk við bókina *Án filters* eftir Björgvin Pál Gústavsson, þar sem hann lýsir uppvesti sínum við erfiðar aðstæður, haldreipinu sem hann fann í handboltanum og áratuga feluleiknum sem á endanum varð til þess að hann hrundi líkamlega og andlega og því bataferli sem tók við. Þá er ég alltaf að lesa ýmsar sálfræðibækur sem tengjast vinnunni minni en ég fylgist vel með þeim bókum sem gefnar eru út í tengslum við starf mitt og er dugleg að kaupa þær bækur og lesa. Þá er starf mitt sem sálfræðingur þannig að það kallar á ýmsa endurmenntun, ýmsar ráðstefnur, námskeið og fleira og því er ég oft að lesa greinar, rannsóknir og þess háttar. Þá er bókinn *Hollráð* Hugos, hlustum á börnin okkar tekin upp reglulega og lesin aftur og einnig er ég nýbyrjuð á bókinni *Think like a monk: train your mind for peace and purpose every day* eftir Jay Shetty.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Til mín höfðu einna helst ævisögur eða bækur byggðar á sönnunum atburðum sem segja frá erfiðri lífsreynslu. Þá finnst mér sjálfshjálpar bækur mjög áhugaverðar og nytsamlegar,

í rauninni allar bækur sem tengjast sálfræði og sjálfsrækt.

Segðu okkur frá lestraruppeldi þínu.

Ég var orðin fluglæs mjög snemma og fékk mikið og gott lestraruppeldi. Mamma mín er kennari og algjör lestrarhestur. Þegar ég var mjög ung að aldri var mamma búin að plast og hengja upp á vegg allt stafrófið ásamt myndum og orðum, því ég var farin að spá í stafi og orð mjög snemma. Hún las alltaf mjög mikið fyrir mig og lagði mikið upp úr lestrarnámi. Ég fór mjög ung að venja komur mínar á bókasafnið og las mikið. Fékk iðulega bækur í afmælis- og jólagjafir. Þá lét mamma mín - handlagna pabba minn - hanna og smíða risastóra bókahillu sem þakti vegginn inn í herberginu mínu og þar kom ég fjölda bóka fyrir. Mamma heldur áfram að halda að okkur bókum, því í hvert sinn sem ég hitti hana þá segir hún: „Tinna, þú verður að lesa þessa bók sem ég er að lesa núna“. Einnig ef hún kemur í heimsókn til okkar systkinanna þá spyr hún barnabörn sín gjarnan hvort þau séu búin að lesa heima og hlustar á þau lesa og þar skiptir fjarlægðin ekki máli, því þá er bara lesið fyrir ömmu í gegnum Face Time. Ég las svo margar bækur í æsku að ég á erfitt með að velja. En bækurnar eftir Þorgrím Þráins voru í uppáhaldi, *Með fiðring í tánun*, *Tár, bros og takkaskór*, *Mitt er þitt*, *Bak við bláu augun*. Ég held að ég hafi lesið allar bækurnar sem komu út eftir hann á þessum tíma. Þá fannst mér einnig mjög gaman að lesa og skoða ættfræðibækur þegar ég var yngri, hafði mikinn áhuga á skyldleika og fannst gaman að sjá hverjir tilheyrðu sömu ætt og ég.

En lestrarvenjurnar?

Undanfarin ár hef ég eytt mörgum árum í háskólanám og þá hafa áhugaverðar skólabækur átt hug minn allan og aðrar bækur því vikið til hliðar. En í dag tek ég skorpur, dett ofan í eina og eina bók. Einna helst gríp ég í yndislestur þegar ég er komin upp í rúm á kvöldin, því dagarnir eru oft ansi anna-



Tinna Rut Torfadóttir

samir. Mér finnst lestur mjög róandi og notalegur eftir líflegan dag.

Áttu þér uppáhaldshöfund?

Nei, í rauninni á ég mér ekki neinn uppáhalds höfund. Vel ekki bækurnar eftir höfundinum, heldur meira hvort efnið heilli mig.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Ég er svo svakalega kvöldsvæf og sofna um leið og ég leggst á koddann. Svo það hefur því miður ekki gerst. Stundum næ ég einungis að lesa hálfa blaðsíðu og þá er ég sofnuð.

En að lokum frænka, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég myndi ábyggilega skrifa ævisögur eða sögur byggðar á sönnunum atburðum. Ég hef mikinn áhuga á öðru fólki og lífs- hlaupi fólks, hvað það hefur áorkað í lífinu og hvaða lífsreynslu það býr yfir. Kannski var það ástæðan fyrir því að ég ákvað að mennta mig sem sálfræðingur. En ég veit að ég myndi alls ekki skrifa ævintýrabækur eða bækur sem fjalla um yfirnáttúrulega atburði, hef ekki mikinn áhuga á slíku. Ég hef til að mynda aldrei lesið bækurnar um Harry Potter eða eitthvað í þeim dúr. Efnið þarf að vera byggt á einhverju raunverulegu svo það heilli mig.

Umsjón með Lestrarhesti
hefur Jón Özur Snorrason
(jonozur@gmail.com)

fastus.is

 CONVOTHERM®

CONVOTHERM VANDAÐIR OFNAR

**Convotherm 4 easyDial**

Vandaður ofn með 11 skúffum
Þægilegt viðmót - hentar stærri eldhúsum

**Convotherm 4 easyDial**

Vandaður ofn með 7 skúffum
Þægilegt viðmót - hentar smærri eldhúsum

Nánari upplýsingar veitir sölufólk okkar í síma 580 3900

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | fastus.is


Veit á vandaða lausn

Þökkum frábærar viðtökur

SINDRI SELFOSSI



Austurvegi 69 | 4 800 600

Flóahlaupið 2022

Flóahlaupið verður haldið laugardaginn 9. apríl við Félagslund. Ræst verður kl. 13.00. Keppt verður í 3, 5 og 10 km hlaupi. Skráning fer fram á hlaup.is

Kaffiveitingar verða venju samkvæmt í boði í Félagslund eftir hlaupið. Hvetjum við sem flesta til að taka þátt. Stjórnin UMF. Þjótanda



Tómas Ellert leiðir M-lista og sjálfstæðra í Árborg

Efstu tíu á framboðslista M-lista og sjálfstæðra í SvF. Árborg ásamt þeim tveim sem skipa heiðurssæti listans voru kynnt á aðalfundi Árnesingadeildar Miðflokksins í síðustu viku. Tómas Ellert Tómasson, formaður bæjarráðs og Ari Már Ólafsson munu leiða listann.

Undanfarin fjögur ár hefur SvF. Árborg tekið algerum stakkaskiptum. Hugmyndirnar sem settar voru á blað og áætlanirnar sem gerðar voru í upphafi þessa kjörtímabils og unnið var eftir undir vinnuheitinu „Nýtt upphaf í Árborg“ hafa nú risið og raungerst hver af annarri. Um allt land er eftir því tekið hve vel hefur lukkast. Umframefirspurn eftir húsnaði og hin fordæmalausa íbúafölgun í sveitarfélaginu segir sína sögu um hve eftirsóknarvert það er að búa hér.

Umskiptin sem eiga sér nú stað, úr fábreytni í fjölbreytni á öllum sviðum mannlífsins hafa bætt búsetuskilyrðin hér svo um munar. Framboðslisti M-lista og sjálfstæðra í SvF. Árborg mun halda áfram að vinna að því að sveitarfélagið verði eftirsóknarverður búsetukostur. Nú undir vinnuheitinu „Nýja Árborg“.

Á næstu vikum mun framboðið kynna þær áætlanir og hugmyndir sem tengjast hinni „Nýju Árborg“.



Sigurður Ágúst, Ragnar, Tómas Ellert, Ari Már, Sveinbjörn. Frá vinstri í heiðurssætum: Ásdís, Guðmundur Kr.

Efstu 10 sæti listans skipa:

1. Tómas Ellert Tómasson, byggingarverkfræðingur, formaður bæjarráðs og eigna- og veitunefndar
2. Ari Már Ólafsson, húsasmíðameistari, nefndarmaður í skipulags- og byggingarnefnd
3. Sigurður Ágúst Hreggviðsson, sölumaður og fyrrverandi varabæjarf. í Árborg
4. Erling Magnússon, lögfræðingur og húsasmíðameistari
5. Dr. Ragnar Anthony Antonsson, dr. í heimspeki, kennari
6. Dýrleif Júlía Guðlaugsdóttir, líftækni- og dagforældri

7. Sveinbjörn Jóhannsson, húsasmíðameistari
8. Björgvin Smári Guðmundsson, grunnskóla- og skákennari og fyrrv. formaður Skákkfélags Selfoss og nágrennis
9. Sverrir Ágústsson, félagsliði á réttargeðdeild LSH
10. Jón Ragnar Ólafsson, atvinnubílstjóri og íþróttahugamaður

Heiðurssætin skipa

Ásdís Ágústsdóttir, Húsmóðir Guðmundur Kristinn Jónsson, Heiðursformaður HSK og fyrrverandi bæjarfulltrúi

Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2022 Flokksstjóri óskast



Bláskógabyggð óskar eftir að ráða flokksstjóra yfir vinnuskóla sveitarfélagsins og umhirðu opinna svæða og tilfallandi umhverfisverkefna sumarið 2022. Aldurstakmark er 20 ár, kröfur eru gerðar um almenn ökuréttindi, hreint saka-vottorð og lipurð í samskiptum. Starfstími er frá miðjum maí til loka júlí. Möguleiki er á starfi til 20. ágúst. Starfssvæðið er á Laugarvatni, Laugarási og í Reykholti. Launakjör eru samkvæmt FOSS. Umsóknarfrestur er til 20. apríl. Umsóknir berist á netfangið kristofer@blaskogabyggd.is.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristófer í síma 860-4440 og 480-3000.

Arnar Freyr Ólafsson leiðir lista Framsóknar í Árborg

Arnar Freyr Ólafsson, alþjóða fjármálafræðingur á Eyrarbakka, leiðir lista Framsóknar í Árborg fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Framboðslisti Framsóknarflokksins var samþykktur á fjölmönnum félagsfundi í Tryggvaskála í vikunni. Í 2. sæti listans er Ellý Tómasdóttir, stjórnandi og 3. sætið skipar Gísli Guðjónsson, búfræðikandidat.

Listi Framsóknar í Árborg er saman settur af einkar vel menntuðu, fjölbreyttu og ungu fólki. „Á listanum eru virkilega öflugir frambjóðendur sem eru tilbúinir að starfa fyrir fólkið í Árborg á komandi kjörtímabili“ segir Ellý Tómasdóttir sem skipar annað sætið á lista Framsóknar í Árborg.

Á annað hundrað mættu á félagsfundinn og kom þar fram í ræðu Arnars Freys þar sem hann þakkaði traust félagsmanna að listinn hefði á að skipa fólki úr öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins og hefði því innsýn í málefni allra íbúa Árborgar.

Listinn er þannig skipaður:

1. Arnar Freyr Ólafsson, alþjóða fjármálafræðingur
2. Ellý Tómasdóttir, MS í mannauðsstjórnun og forstöðukona Klettsins
3. Gísli Guðjónsson, búfræðikandidat
4. Dána Lind Sigurjónsdóttir, deildarstjóri í leikskóla



5. Matthías Bjarnason, framkvæmdastjóri
6. Guðrún Ravel Svandísardóttir, umhverfisskipulagsfræðingur og kennari
7. Arnar Páll Gíslason, vélfræðingur og bráðataeknir
8. Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, sérfræðingur á sviði kjaramála hjá VR
9. Óskar Örn Hróbjartsson, tanningamaður og reiðkennari
10. Brynja Valgeirsdóttir, líffræðingur og framhaldsskólakennari
11. Páll Sigurðsson, skógræðingur
12. Gissur Jónsson, framkvæmdastjóri Ungmennafélags Selfoss
13. Marianne Ósk Brandsson-

- Nielsen, fv. heilsugæslulæknir
14. Björn Hilmarsson, fangavörður
15. Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður
16. Gísli Geirsson, fyrrverandi bóndi og rútubílstjóri
17. Fjólá Ingimundardóttir, hjúkrunarfræðingur
18. Arnþór Tryggvason, rafvirki
19. Inga Jara Jónsdóttir, teymisstjóri í félagsþjónustu
20. Þorvaldur Guðmundsson, ökukennari
21. Sólveig Þorvaldsdóttir, bygginga- og jarðskjálftafræðingur
22. Hafðís Hrönn Hafsteinsdóttir, alþingismaður

Framsókn í Árborg

Leikdeild UMF Bisk Sýnir gamanleikritið:

Ef væri ég gullfiskur eftir Árna Ibsen.

Sýningar hefjast kl. 20 nema sunnudags-sýningar sem byrja kl. 17. **Miðasala er inni á tix.is og við innganginn.**

Veitingahúsið Mika í Reykholti býður upp á leikhúsmatseðil fyrir sýningar. Borðapantanir: mika@mika.is eða í síma 486 1110



Sýningar:

- 8. apríl - föstudagur
- 9. apríl - laugardagur
- 13. apríl - miðvikudagur
- 14. apríl - fimmtudagur
- 15. apríl - föstudagur

Sjáumst í Aratungu



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi starf í Húsasmiðjunni á Hvolsvelli. Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum að jákvæðum og kraftmiklum einstaklingum til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna verslunarinnar í sumar. Um er að ræða sumarstörf í 100% starfshlutfall, bæði í verslun og timbursölu. Viðkomandi þarf að hafa jákvætt hugarfar og hafa vilja og metnað til þess að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

Helstu verkefni

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum
- Almenn umhirða verslunar
- Önnur tilfallandi verslunarstörf

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund
- Jákvætt hugarfar og samskiptahæfni
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta

Nánari upplýsingar um störfin gefur
Finnbogi Óskar Ómarsson rekstrarstjóri
á finnbogi@husa.is.
Umsóknarfrestur er til og með **24. apríl 2022**.
Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar
www.husa.is/laus-storf
Skannaðu QR kóðann og skoðaðu starfið



Gildin okkar eru:

Áreiðanleiki
Þjónustulund
Þekking

Við hvetjum alla áhugasama til þess að sækja um, óháð kyni

Húsasmiðjan er líflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Húsasmiðjan leggur áherslu á að nýta til hins ýtrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps rúmlega 500 starfsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.



Framúrskarandi
fyrirtæki

2017-2021
Fyrirmyndaryrirtæki
Íslands
Vinnuáhrif Stofnun

Frestur til að leggja fram framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Hveragerði 14. maí 2022.



Frestur til að leggja fram framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Hveragerði rennur út kl. 12:00 á hádegi föstudaginn 8. apríl 2022.

Kjörstjórn tekur á móti framboðslistum þann dag milli kl. 11:00-12:00 á skrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20.

Hverjum framboðslista ber að fylgja listi yfir meðmælendur að lágmarki 40 og að hámarki 80.

Kjörstjórn Hveragerðisbæjar



Aðalskipulag Rangárbæjar eystri 2020-2032 Heildarendurskoðun

Sveitarstjórn Rangárbæjar samþykki á fundi sínum þann 20.12.2021 að auglýsa tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi Rangárbæjar eystri skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan er auglýst ásamt forsenduhefti og umhverfismatsskýrslu sbr. 15. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Tillagan inniheldur greinargerð, umhverfismatsskýrslu, sveitarfélags- og þéttbýlisupprætti fyrir Hvolsvöll og Ytri-Skóga ásamt séruppráttum. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi gildandi aðalskipulag Rangárbæjar eystri 2012-2024. Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Rangárbæjar eystri að Austurvegi 4 á Hvolsvelli og hjá Skipulagsstofnun Borgartúni 7b, 105 Reykjavík frá og með 6. apríl 2022. Einnig má nálgast öll gögn tillögunnar rafrænt á heimasíðu Rangárbæjar eystri www.hvolsvollur.is.

Tillagan er auglýst frá og með 6. apríl með athugasemdafresti til 18. maí 2022. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Athugasemdir skulu berast skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, 860 Hvolsvöllur eða á netfangið bygg@hvolsvollur.is.

F.h. Rangárbæjar eystri
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Framboðslisti Sjálfstæðismanna í Árborg samþykktur á fjölmönnum fundi



Framboðslistinn var samþykktur á fjölmönnum fundi á Hótel Selfoss fimmtudaginn 31. mars. Bragi Bjarnason deildarstjóri í frístunda- og menningardeild Sveitarfélagsins Árborg mun leiða listann. Í öðru sæti er Fjóla St. Kristinsdóttir viðskiptafræðingur og ráðgjafi. Þriðja sæti listans skipar Kjartan Björnsson, rakari og bæjarfulltrúi.

Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg hélt prófkjör þann 19. mars. Um metþátttöku var að ræða hvort sem litið er til fjölda frambjóðanda eða fjölda þeirra sem kusu. Alls tóku 18 manns þátt í prófkjöri. Sjálfstæðisflokksins og um 1400 félagsmenn af þeim 2200 sem skráðir eru í flokkinn kusu í prófkjörinu og var kjörsóknin 64%.

Bragi Bjarnason sem skipar fyrsta sæti listans segir að mikil stemmning sé í hópnum og frambjóðendur finni fyrir miklum meðbyr meðal íbúa sveitarfélagsins. Bragi segist hlakka til næstu vikna og vonar að keppnin verði drengileg.

1. Bragi Bjarnasson, deildarstjóri hjá SvF. Árborg
2. Fjóla St. Kristinsdóttir, ráðgjafi
3. Kjartan Björnsson, rakari og bæjarfulltrúi
4. Sveinn Ægir Birgisson, starfsmaður Vallaskóla
5. Brynhildur Jónsdóttir, forstöðuproskafjálfi
6. Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi
7. Þórhildur Dröfn Ingvadóttir,

- leikskólaliði/dagforeldri
8. Ari Björn Thorarensen, fangavörður
9. Guðmundur Ármann Pétursson, sjálfstætt starfandi
10. Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri í Vallaskóla
11. Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri
12. Maria Markovic, hönnuður og kennari
13. Björg Agnarsdóttir, bókarari
14. Gísli Rúnar Gíslason, húsa-smíðanemi
15. Ólafur Ibsen Tómasson, starfsmaður í Tengi og Brunavörnum Árnæssýslu
16. Viðar Arason, öryggisfulltrúi
17. Olga Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri
18. Esther Ýr Óskarsdóttir, lögfræðingur
19. Ragna Berg Gunnarsdóttir, kennari
20. Óskar Örn Vilbergsson, framkvæmdastjóri og slökkviliðsmaður
21. Jón Karl Haraldsson, fyrrverandi fiskverkandi og skipstjóri
22. Guðrún Guðbjartsdóttir, eftirlaunaþegi

-Sjálfstæðisflokkurinn í Árborg

Íbúalistinn heimsækir dreifbýli Ölfuss

Allir íbúar í hverju sveitarfélagi eru jafn mikilvægir. Þá skiptir engu um hver þeirra bakgrunnur er, aðstæður þeirra eða búseta. Íbúar í Sveitarfélaginu Ölfusi voru samkvæmt Hagstofu Íslands 2481 þann 1. janúar síðastliðinn og þar af búa 561 íbúi í dreifbýli Ölfuss. Íbúalistinn, sem er nýtt óháð framboð í Ölfusi gerði mjög heiðarlega tilraun til að ná til íbúa í dreifbýli Ölfuss þegar þau auglýstu víða eftir áhugasömum þátttakendum fyrir þetta nýja framboð. Af 14 frambjóðendum er ein kraftmikil kona, Agnes í Riftúni, úr dreifbýlinu. Við á Íbúalistanum viljum af mikilli einlægni setja okkur vel inn í mál sem brenna á íbúum, öllum íbúum. Þessvegna ætla frambjóðendur á Íbúalistanum að fara vítt og breitt um dreifbýli Ölfuss laugardaginn 9. apríl. Tilgangur ferðarinnar er



að hitta sem flesta íbúa í dreifbýlinu og hlusta á hvað þau hafa að segja um málefni Sveitarfélagsins Ölfuss.

Ferðin er hluti af málefnavinnu Íbúalistans og haldnir verða málefnafundir á eftirfarandi stöðum: Kl. 9.30 í Pylsvagninum í Selvogi, kl. 11 á

Læk, kl. 13 á Kambastöðum í Bæjarþorpi og kl. 17.30 á Básnum í Efstalandi. Auk þess ætla frambjóðendur að heimsækja Garðyrkjuskólann, Eldhesta og Hvamm til þess að fræðast um starfsemi þeirra. Við vonumst til þess að sjá ykkur sem flest á opnu fundinum.

Söfnuðu fyrir Úkraínu

Þessi flottu drengir héldu tom-bólu í Sunnumörk og gengu um og söfnuðu í Gróðurhúsinu til að styrkja fjölskyldur sem eiga um sárt að binda í Úkraínu um þessar mundir. Tókst þeim að safna 12.760 krónum sem þeir afhentu Rauða krossinum í Hveragerði.





Landssamtökin
Proskahjálp
Mannréttindi fyrir alla!

ÖBÍ
Heildarsamtök
fatlaðs fólks á Íslandi

OPINN FUNDUR - ALLIR VELKOMNIR

Staða fatlaðs fólks í sveitarfélögum

ÁRBORG HVERAGERÐI

Hótel Selfoss
Þriðjudagur 12. apríl kl. 17-19

Hótel Örk
Þriðjudagur 12. apríl kl. 17-19

Opinn fundur með framboðum til sveitarstjórnarkosninga.
 Hver er réttur fatlaðs fólks í sveitarfélaginu?
 Hverjar eru áherslur framboðanna varðandi: Búsetu, húsnæðismál, aðgengi,
 atvinnu, NPA, skólamál, frístund, ferðaþjónustu og aðra þjónustu?

DAGSKRÁ
 -Áherslur og stefnumál fatlaðs fólks -Kynning á samningi Sameinuðu þjóðanna
 um réttindi fatlaðs fólks -Niðurstöður Gallupkönnunar
 -Frambjóðendur kynna sig og sínar áherslur -Pallborðsumræður
 - **EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR!**



Fimmtudaginn 7. apríl verður
kynning og 20% afsláttur af

Artdeco

snyrtivörum hjá okkur í Apóteki
Suðurlands, frá kl. 13-17

verið velkomin



**Afgreiðslutími
um páska**

Skírdagur lokað

Föstudagurinn langi lokað

Laugardagurinn 16. apríl opið frá kl 10-16

Páskadagur lokað

Annar í páskum opið frá kl 11-15

Gleðilega páska
Starfsfólk Apóteks Suðurlands.

APÓTEKI
SUÐURLANDS

Stekkjaskóli - laus störf

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp sterka liðsheimild í nýjum grunnskóla á Selfossi?

Stekkjaskóli er nýr grunnskóli á Selfossi sem tók til starfa haustið 2021. Í dag fer starfið fram í færanlegum kennslustofum og í lok árs verður tekin í notkun 1. áfangi nýbyggingar skólans. Á komandi hausti verða um 160 nemendur í 1.-5. bekk. Fullbyggður verður skólinn fyrir um 500 nemendur í 1.-10. bekk. Í Stekkjaskóla er lögð áhersla á teymiskennslu, teymisvinnu, tækni og nýsköpun, skapandi skólastarf, umhverfismál og jákvæðan skólabrag. Stefnumörkun skólans tekur meðal annars mið af menntastefnu Árborgar sem byggir á hugmyndinni um skólann sem lifandi lærdómssamfélag.

Hér með eru auglýstar fjölbreyttar og áhugaverðar stöður fyrir næsta skólaár.

- Verkefnastjóri og kennari í upplýsingatækni
- Umsjónarkennarar í 1.-5. bekk, fjórar stöður
- Matreiðslumaður
- Húsvörður
- Stuðningsfulltrúar, tvær 70% stöður

Umsóknarfrestur er til og með 11. apríl 2022.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Hilmar Björgvinsson, skólastjóri, hilmarb@stekkjaskoli.is, sími 480-1600 / 863-0922 og Ástrós Rún Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri, astros@stekkjaskoli.is, sími 480-1600. Sjá einnig heimasíðu skólans www.stekkjaskoli.is.

Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins <http://starf-arborg.is/>.



Framtíðin er núna

Fæstum kemur á óvart að komi dagur eftir þennan dag. Á því má samt má finna undan-tekningar og helst þær sé að finna í stjórnmálum.

Það er ábyrgðarluti að stýra sveitafélagi. Góður rekstur skilar íbúum ábata á meðan offjór-festingar og óábyrg kosningar-loforð um gull og græna skóga valda hallarekstri og kergju, enda um að ræða loforð sem ekki er hægt að efna.

Verum raunsæ

Rekstur sveitafélagsins Árborgar er þungur sem stendur. Mikil loforð með glansmyndum eru áferðarfall, en ekki raunsæ þegar sveitafélagið siglir í gegnum hraðan vöxt.

Síðasti birti ársreikningur sveitarfélagsins, sem er fyrir árið 2020, sýnir tæplega milljarðs tekjuhalla á A-hluta (949,4 millj. kr.), en það er sá hluti sem fjármagnaður er með skatttekjum. Þegar B-hlutinn, með fyrirtækjum bæjarins, er tekinn með nemur heildarhalli á rekstri sveitafélagsins 578,4 milljónum króna árið 2020. Viðbúið er að hallinn hafi aukist á síðasta ári og á mælisvert verði ársreikningur ekki birtur tímanlega fyrir sveitastjórnarkosningarnar í vor.

Sá rekstrarsnillingur sem getur lagað þennan halla á einni nóttu er ekki til, heldur verður það langhlaup að lagfæra tekjuhalla sveitafélagsins.

Áskorun sem þessi er ekki ófyrstíganleg, en hún krefst framsýni, lausnamiðaðrar hugsunar og aga af hálfu bæjarfulltrúa.

Lög gera ráð fyrir að tekjstofn A-hluta sveitafélaga sé þriðjættur, að tekjur fáið frá útsvari, fasteignagjöldum og úr Jöfnunarsjóði sveitafélaga. B-hluti, þar sem er að finna fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins, er svo fjármagnaður með öðrum tekjstofnum en þar liggur eitt helsta

Axel Sigurðsson

Höfundur skipar
2. sæti Áfram Árborgar



sóknarfæri sveitafélaga til að styrkja rekstrargrundvöll sinn.

Þá er staðan þannig í dag að við litlu er að búast frá ríkisstjórninni, þar sem upp á ríkið stendur að skilgreina betur tekjustofna sveitafélaga. Því er viðbúið að skuldahlutfall sveitafélagsins muni vaxa enn meðan við stöndum í jafn umfangsmikilli innviðauppyggingu og raun ber vitni.

Svo uppsker sem sáir

Við hjá Áfram Árborg, framboði Viðreisnar, Pírata og óháðra leggjum áherslu á fjölgun tekjustofna fyrir sveitafélagið, á gagnsæi í rekstri með opnu bókhaldi til að tryggja að stöðugt aðhald með rekstri sveitafélagsins og að sjóður sveitafélagsins rétti fyrir úr kútnum til að hægt verði að ráðast í markvissar fjárfestingar í innviðum.

Skýr sýn á samfélagið, með auknu atvinnuframboði og uppbyggingarmöguleikum á svæðinu, kemur íbúum til góða ásamt því að það styður við rekstur sveitafélagsins og er þannig öllum til gagnsæi.

Þess vegna leggjum við áherslu á fjölgun tekjustofna, til dæmis með opnun skrifstofuhótela, deilieldhúss fyrir matvælaframleiðendur, atvinnuhúsnæðis fyrir nýsköpunarfyrirtæki og fyrir fólk sem vantar tækifæri til að hefja rekstur. Til þessa má nota eitthvað af þeim rúmlega 500 lóðum sem sveitafélagið á.

Næsta ár kemur fyrir en mann grunar, hefjum vinnuna núna til aukinna tækifæra og velsældar í Árborg.

Framtíðin er núna.



Sjáumst á Styrkleikunum á Selfossi 30. apríl - 1. maí

Styrkleikarnir eru fjölskylduviðburður sem snýst um að styðja við, heiðra eða minnst þeirra sem hafa fengið krabbamein.

Leikarnir standa yfir í heilan sólarhring, sem er táknrænt fyrir að það fæst engin hvíld frá krabbameini.

Viðburðurinn er opinn öllum sem vilja sýna stuðning í verki.

Boðið er til kynningarfundar um Styrkleikana þriðjudaginn 12. apríl kl. 17:30 í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss.

Þar verður farið yfir helstu þætti Styrkleikana og útskýrt hvernig einstaklingar og lið geta tekið þátt.

styrkleikarnir.is



Samtal um sorg og áföll í Selfosskirkju

Í apríl og maí verður boðið upp á samtal um sorg og áföll í Selfosskirkju. Samveran samanstendur af fjórum skiptum, byrjað verður á stuttu erindi um sorg og áföll síðan er boðið upp á samtal. Umsjón með samverunum hefur Guðbjörg Arnardóttir. Samtalið er öllum opið. Samveran verður í Selfos-

skirkju eftirtalda daga: Miðvikudagna 13. og 20. apríl og 4. og 11. maí. Samveran hefst kl. 18:00 og stendur yfir í um klukkutíma.

Upplýsingar veitir Guðbjörg Arnardóttir í síma 865 4444 eða á netfanginu gudbjorg.arnardottir@kirkjan.is.

Uppstilling í efstu sætin hjá Nýja óháða listanum í Rangárþingi eystra lokið



Frambjóðendur frá vinstri: Guðmundur, Rebekka, Tómas, Christiane, Heiðbrá, Guðni, Anna ásamt fundarstjórnendum þeim Orra og Ellert

Opinn fundur var haldinn á Midgard þriðjudagskvöldið 29. mars þar sem fór fram kynning á framboði Nýja óháða listans, kynning á frambjóðendum í efstu sætum, umræða og svo könnun á meðal fundargesta þar sem gafst kostur á að raða frambjóðendum í efstu sæti listans.

Vel var mætt á fundinn og

sköpuðust líflegar umræður um mikilvæg málefni sem verða frambjóðendum listans gott veganesti fyrir kosningabaráttu næstu vikna. Af fundinum að dæma er mikill áhugi og almenn ánægja með framboðið.

Með hliðsjón af könnuninni eru efstu sæti listans skipuð eftirfarandi einstaklingum:

1. Tómas Birgir Magnússon, ferðaþjónustuaðili og íþróttakennari
2. Christiane Bahner, sveitarstjórnarfulltrúi og lögmaður
3. Guðni Ragnarsson, flugmaður og bóndi
4. Heiðbrá Ólafsdóttir, lögfræðingur og bóndi
5. Guðmundur Ólafsson, bóndi
6. Rebekka Katrínardóttir, verslunareigandi
7. Anna Runólfssdóttir, verkfræðingur

Listinn er skipaður einstaklingum víðsvegar úr sveitarfélaginu sem eiga það sameiginlegt að vilja bjóða fram krafta sína og hugsjónir með það að markmiði að byggja upp betra og réttlátt samfélag fyrir alla íbúa sveitarfélagsins ásamt því að grípa þau fjölmörgu tækifæri sem eru að finna á svæðinu.

Frambjóðendur þakka fyrir þann mikla meðbyr og hvatningu sem kom fram á fundinum. Næstu dagar fara í að skipuleggja málefnastríð og næstu opna fundi á svæðinu ásamt því að ljúka uppstillingu listans á neðstu sætum.



Frestur til að leggja fram framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Bláskógabyggð 14. maí 2022.

Frestur til að leggja fram framboðslista fyrir sveitarstjórnarkosningar í Bláskógabyggð rennur út kl. 12:00 á hádegisföstudaginn 8. apríl 2022. Þann dag tekur yfirkjörstjórn á móti framboðslistum milli kl. 11:00 – 12:00 á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu 2. hæð.

Hverjum framboðslista ber að fylgja skrifleg yfirlýsing allra þeirra sem á listanum eru og auk þess listi yfir meðmælendur að lágmarki 20 og hámarki 40. Vísað er til laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 112/2021. Jafnframt er bent á heimasíðuna <http://www.kosning.is/> þar sem hægt er að finna leiðbeiningar og eyðublöð fyrir þá sem hyggjast bjóða fram lista.

Yfirkjörstjórn Bláskógabyggðar

Elinborg Sigurðardóttir, lðu
Guðrún Sveinsdóttir, Bjarkarbraut 3
Jóhannes Sveinbjörnsson, Heiðarbæ



Til hamingju með Svansvottun á miðbænum á Selfossi



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)



Ertu að leita að vinnu á Suðurlandi?

Ný störf auglýst í hverri viku!

www.dfs.is/atvinna/



Þjóðminjasafn Íslands

Sumarstarf á Keldum á Rangárvöllum

Þjóðminjasafn Íslands óskar eftir að ráða starfsmann til að annast gæslu og móttöku ferðamanna í gamla bænum á Keldum á Rangárvöllum. Bærinn verður opinn daglega frá 1. júní til 31. ágúst 2022 frá kl 10:00 til 17:00. Tveir starfsmenn sinna sumarstörfum á Keldum.

Helstu verkefni og ábyrgð
 Starfið felst m.a. í móttöku ferðamanna, taka við aðgangseyri, veita leiðsögn og upplýsingar um bæinn. Enn fremur felst starfið í að hirða lóð næst bænum, slá þekjur og vökva þær og sinna þrifum í bænum. Viðkomandi þarf að hafa bílpróf og bíl til umráða en lagt er til húsnæði á staðnum ef þarf.

Hæfniskröfur
 Óskað er eftir einstaklingi með góða almenna söguþekkingu, góða íslensku- og enskukunnáttu, lipurð í samskiptum og jákvætt viðmót, reynsla af þjónustustörfum er æskileg.

Umsóknarfrestur er til og með 19. apríl. nk. Sótt er um starfið hér

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Lúther Hafsteinsson, sviðsstjóri húsasafns, netfang; gudmundur.luther@thjodminjasafn.is og Hildur Halldórsdóttir, mannauðsstjóri netfang; hildur@thjodminjasafn.is.



Fögnuðu upphafi framkvæmda á skólasvæði á Hellu

Það var gleði og eftirvænting í lofti á Hellu meðal nemenda og starfsmanna leik- tónlistar- og grunnskólans sl. miðvikudag þegar efnt var til sérstakrar skólahátíðar í tilefni af upphafi framkvæmda við uppbyggingu skólasvæðisins. Fjöldi íbúa tók einnig þátt í þessari stuttu en afar skemmtilegu athöfn með nemendum og starfsfólki skólanna en í kjölfarið hefur verið opnuð kynning á verkefninu á efri hæð Íþróttahússins fyrir alla áhugasama. Sú kynning mun standa fram á vorið og eru allir velkomnir.

Björk Grétarsdóttir oddviti og stjórnarformaður Odda bs flutti stutt ávarp og Birgir Teitsson og Eyrún Margrét Stefánsdóttir arkitektar kynntu verkefnið. Þá undirrituðu Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Ólafur Einarsson forstjóri Þjótanda ehf. verksamning fyrir 1. áfanga uppbyggingarinnar sem hófst einmitt á miðvikudaginn síðastliðinn. Þá fluttu nemendur úr leik-, grunn- og tónlistarskóla tvö lög úr Ávaxtakörfunni við frábærar undirtektir viðstaddir. Kennarar úr Tónlistarskóla Rangæinga sáu um glæsilegan undirleik. Þetta var sannarlega hápunktur hátíðarinnar. Að lokum mynduðu allir viðstaddir stóran hring og framkölluðu táknræna og minnisstæða kraftbylgju sem þær Björk Grétarsdóttir og Margrét Harpa Guðsteinsdóttir sveitarstjórnarfulltrúar leiddu. Bylgjan endaði síðan hjá Ólafi Einarssyni verk-taka og Tómasi Hauki Tómassyni forstöðumanni eigna- og framkvæmda sem ætla sér að nýta kraft bylgjunnar til að hefja framkvæmdir með farsælum og aflmiklum hætti.

Athöfnin var til að fagna og marka upphaf framkvæmdanna en verkefnið er búið að vera lengi í undirbúningi og mjög stór



hópur fólks sem hefur komið þar að málum síðstu árin. Fyrstu skrefin voru stigin seinnipart ársins 2018 og fljótlega voru skipaðir sérstakir faghópar um byggingu nýs leikskóla á Hellu og aðstöðumál Grunnskólans á Hellu. Þessir hópar unnu gríðarlega mikilvægt undirbúningsstarf og skiluðu af sér sameiginlegri skýrslu um byggingu nýs leikskóla og stækkun grunnskólans á Hellu í upphafi árs 2020.

Í kjölfarið var skipaður sérstakur faghópur um þróun skólasvæðis á Hellu sem hefur haldið utan um verkefnið frá þessum tíma en haldnir hafa verið m.a. tveir íbúafundir um verkefnið á mismunandi stigum og öllum gögnum, fundargerðum og teikningum haldið til haga og birt á heimasíðu sveitarfélagsins. Þessir faghópar hafa verið skipaðir skólastjórum Odda bs, forstöðumönnum sviða hjá sveitarfélaginu, kennurum og starfsfólki úr leik-, grunn- og tónlistarskóla, fulltrúum úr sveitarstjórn og öðru starfsfólki sveitarfélagsins auk aðkeyþtra ráðgjafa. Gera má ráð fyrir að alls hafi komið að undirbúningi málsins með virkum hætti á ýmsum stigum allt að 40-50 manns enda mikilvægt að undirbúa þetta stóra framfaraverkefni vel.

Á fundi sveitarstjórnar þann 10. desember 2020 lá fyrir verðkönnun meðal arkitekta-

stofanna ALARK, VA-arkitekta og ARKÍS sem allar hafa töluverða reynslu af að hanna skóla og leikskóla en stofurnar voru fengnar til að gefa verð í undirbúning og frumdrög og aðstoð við að forma skólaverkefnið áfram. Tillaga faghóps um þróun skólasvæðis á Hellu var að ganga til samninga við ARKÍS um verkið og samþykkti sveitarstjórn það á fundi sínum þann 14. janúar 2021. Þann 20. apríl 2021 skilaði Arkís frumdrögum að skólasvæðinu í samræmi við þann samning sem gerður var. Um var að ræða frumdrög nýbygginga fyrir grunnskólann og leikskólann Heklukot á Hellu á formi greinargerðar og teikninga auk þess sem gróf kostnaðaráætlun fylgdi.

Í framhaldinu var gengið til samninga við ARKÍS um fullnaðarhönnun 1. áfanga þar sem unnið var eftir þessum frumdrögum. Samningur þess efnis var staðfestur af sveitarstjórn þann 10. júní 2021. Fullnaðarhönnun 1. áfanga verkefnisins lá síðan fyrir frá ARKÍS arkitektum ásamt með útboðsgögnum þann 13. janúar 2022. Útboð jarðvinnuframkvæmda við 1. áfanga var síðan auglýst í framhaldinu og niðurstaða varðandi jarðvegsvinnu, lagnir og rif lá fyrir þann 18. febrúar 2022 og í dag var gengið frá samningi við lægstbjóðanda sem er Þjóntandi ehf og hefur þegar hafist handa við verkið. Þá var samið við Steypustöðina ehf um forsteyptar einingar og reisingu húsa í 1. áfanga.

Áfangi 1 verður byggður á árinu 2022 og mun hýsa miðstígg grunnskólans. Næsta skref er þá að láta fullnaðarhanna 2. áfanga og byggja það á sömu frumdrögum og ARKÍS vann í upphafi og undirbúa útboð á lokafrágangi vegna 1. áfanga og er þessi vinna þegar komin vel á veg í undirbúningi.

-Rangárþing ytra



Ágúst Sigurðsson sveitarstjóri og Ólafur Einarsson, forstjóri Þjótanda, undirrituðu verksamning fyrir 1. áfanga.

Skýr framtíðarsýn D-listans - Árborg okkar allra

„D-listinn í Árborg stendur fyrir skýra framtíðarsýn í málefnum sveitarfélagsins.“

Í garð er genginn sá tími að stjórnmalaflokkar og óháð bæjararmálafélög kynna framboðslista sína í aðdraganda bæjarstjórnarkosninga, laugardaginn 14. maí nk. Búast má við um 5-6 framboðum hér í Sveitarfélaginu Árborg sem vonandi gefur íbúum skýra valmöguleika til þess að velja þann lista og einstaklinga sem þeir treysta best til að stýra sveitarfélaginu næstu árin.

D-listinn í Árborg býður fram lista með öflugum fólki sem hefur viðtæka reynslu af sveitarstjórnarmálum og úr samfélaginu. Lið sem vinnur vel saman og setur sér markmið til að byggja upp sterka innviði í fjölskylduvænu samfélag, sem gengur í takti við atvinnulífið og uppbyggingu svæðisins. Skýr framtíðarsýn þar sem íbúar á öllum aldri geta sótt þjónustu, fengið störf við hæfi og umfram allt að rekstur sveitarfélagsins standi undir þeirri þjónustu sem því ber að veita.

Bragi Bjarnason

Oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg



Lausnir sem virka

Með lausnamiðaðri hugsun og ábyrgri fjármálastjórn, þar sem við nýtum tækifærin til að skapa auknar tekjur, tryggja nauðsynlega innviði og draga úr kostnaði, búum við til forsendur til að lækka álögur líkt og fasteignagjöld af íbúðar- og atvinnuhúsnæði sem er hagsmunamál allra íbúa í sveitarfélaginu.

Tækifærin eru sannarlega til staðar og á næstu vikum mun D-listinn í Árborg kynna betur þær áherslur og lausnir sem flokkurinn vill standa fyrir til að tryggja skýra framtíðarsýn fyrir Sveitarfélagið Árborg.

Fyrsti opni fundurinn verður laugardaginn 9. apríl í Risinu, miðbæ Selfoss kl.11:00 en einnig er hægt að fylgjast með á Facebook-síðunni „D-listinn í Árborg“ og á Instagram.



Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Skálabrekka - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða 3,74 ha spildu þar sem m.a. verður heimilt að byggja tveggja hæða íbúðarhús, með hámarkshæð allt að 8,5m frá botnplötu.

Hólmaflöt - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða nýtt deiliskipulag á lóðinni Hólmaflöt. Á byggingarreit B1 er gert ráð fyrir íbúðarhúsi, allt að 140 m² og á byggingarreit B2 er gert ráð fyrir tveimur 30 m² gestahúsum.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 6. apríl nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 18. maí nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Auglýsing á skipulagstillögum í sveitarfélaginu Ölfus



Deiliskipulag fyrir Skæruliðaskálann í Ólafsskarði.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 25. nóvember síðastliðinn deiliskipulag fyrir skæruliðaskálann í Ólafsskarði við Jósepsdal til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Mörkuð er lóð fyrir fjallaskála sem stað hefur við Ólafsskarð í tugi ára og var byggður á sínum tíma af skíðaáhugamönnum í skíðadeild Ármanns.

Breyting á deiliskipulagi Mánastaða í Ölfusi.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 24. febrúar síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin sem gerir ráð fyrir að íbúðarlóðum innan skipulagsreitsins fjölgi í úr fjórum í ellefu og parhús verði á fjórum þeirra. Heimilt verði að byggja eitt gestahús við hvert einbýlishús og eitt við hverja parhúsaíbúð, allt í samræmi við heimildir sem liggja fyrir í endurskoðuðu aðalskipulagi sem auglýst er samtímis.

Breyting á deiliskipulagi Vesturbyggðar - Vesturberg íbúðarsvæði vestan byggðar.

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 4. febrúar síðastliðinn breytingu á deiliskipulagi til auglýsingar í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi Vesturbergs sem er nýtt hverfi vestan byggðar í Þorlákshöfn. Tillagan gerir ráð fyrir að bætt verði 41 íbúð við hverfið og verða 127 íbúðir í hverfinu eftir breytinguna í samræmi við heimildir sem liggja fyrir í endurskoðuðu aðalskipulagi sem auglýst er samtímis.

Endurskoðað aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2020-2036

Bæjarstjórn Ölfuss samþykkti þann 31. mars síðastliðinn nýtt aðalskipulag til auglýsingar í samræmi við 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið tekur við af aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022.

Skipulagstillagan samanstendur af forsenduhefti, umhverfisskýrslu, greinargerð, sveitarfélagsuppdrætti og skipulagsuppdráttum fyrir þéttbýlin Þorlákshöfn og Árbæ auk fylgigagna. Nánari upplýsingar er hægt að finna á heimsíðu sveitarfélagsins Ölfuss á slóðinni www.olfus.is. Þar er meðal annars að finna slóð á gagnvirka heimasíðu tillögunnar.

Eftirtaldar skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar í bæjarstjórn Ölfuss þann 31. mars síðastliðinn, í samræmi við 1. málsgrein 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar eru:

Deiliskipulag fyrir Hjarðarból í Ölfusi

Tillagan markar 8 nýjar íbúðarlóðir og byggingarreiti við íbúðarhverfið hjá Hjarðarbóli í Ölfusi. Einnig er mörkuð lóð fyrir hótél austan til á svæðinu og byggingarreitur fyrir skemmu á upprunalega landbúnaðarlandinu þar fyrir norðaustan. Skipulagið er í samræmi við þær heimildir sem eru fyrirhugaðar í nýju aðalskipulagi sem auglýst er samtímis.

Breyting á deiliskipulagi Móa - miðsvæðis í Þorlákshöfn vegna Hnjúkamóa 2 og 4.

Tillagan gerir ráð fyrir að að lóðirnar Hnjúkamói 2 og 4 stækki lítillega, íbúðum verði fjölgað úr 24 í 36. Fjöldi hæða er aukinn í 6 hæðir með inndreginni 6. hæð, auk mögulegs bílakjallara. Skipulagið er í samræmi við þær heimildir sem eru fyrirhugaðar í nýju aðalskipulagi sem auglýst er samtímis.

Breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis í Þorlákshöfn vegna Hafnarskeiðs 6.

Tillagan gerir ráð fyrir að á lóðinni Hafnarskeiði 6, sem áður hýsti Meitilinn, verði íbúðir á efri hæðum en ýmis verslun og þjónusta á neðri hæðum í formi veitingastaða, skrifstofa, verslana og fleira. Hún gerir ráð fyrir að byggt verði ofan á hluta hússins þannig að það verði allt að 5 hæðir. Hámarks byggingarmagn er aukið úr 3205 m² í allt að 8973 m² og hámarks mænishæð á lóðinni hækkar úr 12 metrum í allt að 18 metra. Nýtingarhlutfall verður allt að 1,4. Skipulagið er í samræmi við þær heimildir sem eru fyrirhugaðar í nýju aðalskipulagi sem auglýst er samtímis.

Tillögurnar verða til sýnis á sveitarstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn frá 6. apríl til 18. maí 2022. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 18. maí 2022. eða í pósti á: Skipulagsfulltrúi Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss



Okkar ástkæri

Guðmundur Kristinnsson,
rithöfundur og fyrrverandi aðalféhirðir
Landsbanka Íslands á Selfossi,



verður jarðsönginn frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 8. apríl kl. 14. Athöfninni verður streymt á skaholt.is og hlekk á streymi má nálgast á www.mbl.is/andlat

Fyrir hönd aðstandenda
Sígús Kristinnsson



ÚTBOÐ

Selfossveitur bs óskar eftir tilboðum í verkið:
„Dælustöð við Víkurheiði - 2109345“

Verkið felur í sér byggingu á dælustöð fyrir hitaveitu Eyrarveitu við gatnamót Víkurheiðar og Stekkjarheiðar á Selfossi. Í dælustöðinni setur verk taki upp DN250-DN300 lagnir úr stáli og einangrar og álklaðir. Setja þarf upp og tengja tvær 50 l/s dælur ásamt lokum, einstreymislokum, skynjurum og öðrum búnaði. Verkið felur einnig í sér lagningu á DN300 hitaveitulögnum í jörðu, tengingu við eldri stofnlögn ásamt jarðvinnu. Einnig skal tengja dælustöðina við rafveitu, ljósleiðara, leggja raflagnir fyrir búnað og stýrikerfi þeirra, smíða og setja upp aðaltöflu og stjórnskáp, setja upp hraðabreyta og tengja dælumótora. Jafnframt felur verkið í sér lagningu á bráðbirgða vegslóða að lóð, yfirborðsfrágang og frágang á lóð.

Helstu magnþölur:

- Gröftur vegna byggingar250 m³
- Fylling vegna byggingar450 m³
- Neðra burðarlag600 m³
- Fráveitulagnir100 m
- Einangraðar hitaveitulagnir120 m
- Bygging dælustöðvar110 m²

Verkinu skal að fullu lokið 1. júlí 2023.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/3544c51d-495c-42b7-8225-9a904d1c1911>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrá sem gerð er krafa um. Þjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Þjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Þjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00 þriðjudaginn 19. apríl 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Þjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður þjóðendum sent opunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

Íþróttir

Haraldur og Ragnar blakmenn ársins

BLAK Á aðalfundi blakdeildar Hamars voru veitt verðlaun fyrir blakmenn ársins. Það voru þjálfararnir sem sáu um að velja hver leikmaður hlaut þann heiður.

Í barnaflokkki var Halldóra Þráinsdóttir valin blakmaður ársins. Halldóra stundar blak af miklum krafti, mætir alltaf á æfingar og er jákvæð, metnaðargjörn og dugleg. Hún hefur tekið miklum framförum og er komin með virkilega góða tækni, gott fingurslag, góða vörn og er hörku smassari. Halldóra stefnir langt í blakinu og markmiðið hennar er að komast í landsliðið. Með áframhaldandi ástundun í blakinu mun þessi draumur örugglega rætast í framtíðinni.

Marey Sól Birgisdóttir Meyer var valin blakmaður ársins í unglingaflokkki. Marey Sól mætir fimm sinnum í viku á æfingar og æfir bæði með unglingunum og fullorðnum. Hún er dugleg að leiðbeina hinum liðsfélögum sínum í unglingaflokkki og er einnig mikilvægur leikmaður í A liði kvenna. Það eru Hafsteinn og Kristján Valdimarssyni sem þjálfar hana með unglingunum en Radoslaw Rybak þjálfar hana með A liði kvenna.

Haraldur var kosinn Blakmaður ársins 2021 í flokki áhugamanna en hann spilar aðallega með 1 deild karla en hefur einnig spilað með úrvalsdeildinni. Haraldur mætir á alla æfingar og alla leikir og sýnir



Haraldur Örn Björnsson var blakmaður ársins hjá áhugamönnum og Ragnar Ingi Ágústsson hjá úrvalsdeildarliði Hamars.



Halldóra Þráinsdóttir er blakmaður ársins í barnaflokkki.



Marey Sól Birgisdóttir er blakmaður ársins í unglingaflokkki.

óhemju metnað og þrautseigju. Radoslaw þjálfari fór miklum loforðum um hversu mikilvæg leikmenn eins og Halli eru.

Ragnar Ingi Axelsson var kosin leikmaður úrvalsdeildar 2021 í Hamri. Að sögn Radoslaw sýnir hann ávallt mikil tilprífi á vellinum, leggur sig 100% fram, er sá leikmaður sem

er alltaf hvetjandi og jákvæður og gefst aldrei upp. Ragnar er frábær liðsfélagi og var valinn leikmaður tímabilsins af BLÍ núna fyrir stuttu sem og leikmaður Íþróttafélagsins Hamars.

Blakdeildin óskar þessum flottu leikmönnum innilega til hamingju með verðskuldaðan árangur. -Blakdeild Hamars



Heiðranir á héraðsþingi Skarphéðins

HSK Á héraðsþingi HSK í Þingborg fimmtudaginn sl. voru nokkrir einstaklingar af sambandssvæði HSK heiðraðir fyrir þeirra störf fyrir hreyfinguna.

Guðríður Aadnegard formaður HSK veitti, f.h. stjórnar HSK, eitt gullmerki og eitt silfurmerki. Aðalsteinn Sveinsson, Umf. Þjótanda var sæmdur gullmerki HSK og Fanney Ólafsdóttir Umf. Þjótanda var sæmdur silfurmerki sambandsins.

Tveir einstaklingar hlutu silfurmerki ÍSÍ, þau María Rósa Einarsdóttir Íþr.f Dímon og Ólafur Þórisson Hestamannafélaginu Geysi. Það var Hafsteinn Pálsson, stjórnarmaður í ÍSÍ, sem afhenti þeim silfurmerkin.

Karl Gunnlaugsson, Umf.

Hrunamanna og Golfklúbbum Flúðir var sæmdur gullmerki Ungmennafélags Íslands. Ragnarheiður Högnadóttir formaður framkvæmdastjórnar UMFÍ, afhenti fyrir hönd stjórnar UMFÍ. Tveir einstaklingar fengu starfsmerki UMFÍ þau Gissur Jónsson, Umf. Selfoss og Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Umf. Þjótanda.

Grænar almenningssamgöngur

Eitt af stefnumálum Framsóknar í Hveragerði fyrir sveitarstjórnarkosningarnar þann 14. maí næstkomandi er að bæta samgöngur í bæjarfélaginu. Bærinn hefur stækkað ört á síðustu misserum, íbúum fjölgað og fjarlægðir á milli ystu svæða hafa lengst. Við viljum útvíkka starfsemi fristundastrætós fyrir alla Hveragerði. Til að auka þjónustu við íbúa er mikilvægt að fjölga ferðum og stoppi-stöðvum en á tímum Hamars-hallar gekk strætóinn eingöngu á milli fristundaheimilis og hallarinnar. Þessu þarf að breyta. Íþróttamannvirki bæjarins munu halda áfram að byggjast upp á

svæði Hamarshallarinnar sem og við íþróttahúsið við Skólamörk en með fjölgun ferða og stoppistöðva munu fleiri íbúar í Hveragerði geta nýtt sér strætóinn. Í takt við samtþykkt bæjarstjórnar á bæjarstjórnarfundum þann 14. mars 2019 um að sett verði markmið í átt að kolefnishlutleysi Hveragerðisbæjar árið 2030 er skýrt í huga Framsóknar að besti kosturinn í þessari samgöngubútbót sé að strætóinn verði knúinn rafmagni, grænn strætó. Í bókun bæjarstjórnar frá sama fundi kemur fram að með markmiði sínu um kolefnishlutleysi árið 2030 skipi Hveragerði

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Bæjarfulltrúi og skipar 1. sæti á lista Framsóknar í Hveragerði



sér í fremstu röð þeirra sveitarfélaga sem þegar hafa ákveðið að axla samfélagslega ábyrgð og setja sér markmið um kolefnishlutleysi árið 2040. Grænn strætó eykur þjónustu við íbúa, bætir samgöngur og er markmið í átt að kolefnishlutleysi. Ný framsókn í Hveragerði.

Hver er þessi Arnar Freyr Ólafsson, oddviti Framsóknar í Árborg?

Þessi spurning hefur oft borið á góma undanfarna daga og því finnst mér góður bragur á því að svara henni hér í stuttri grein. Ég er fæddur í Þorlákshöfn og er sonur hjónanna Ólafs Þ. Guðmundssonar á Stað og Hrafnhildar Guðmundsdóttur sundkonu. Konan mín heitir Helga Kristín Böðvarsdóttir saman eigum við þrjá syni, Hrafn (f. 2001), Böðvar (f. 2004) og Arnar Helga (f. 2007). Við höfum búið á Hvammi á Eyrarbakka frá árinu 2001. Ég á að baki langan og farsælan feril í landsliði Íslands í sundi. Þegar ég var 18 ára gamall þá fluttist ég til San Jose í Kaliforníu og lauk þar framhaldsskóla árið 1993 og að því loknu lá leiðin til Alabama háskóla þar

sem ég lauk háskólaprófi í alþjóðafjármálafræði með útskrift árið 1998. Í kjölfarið starfaði ég í bankakerfinu sem sérfræðingur í markaðsviðskiptum og eignastýringu. Í hrúinu ákvað ég að skipta um starfsvettvang og réði mig til fyrirtækja í erfiðum rekstri. Sérhæfing mín fólst í viðsnúningi á rekstri og vann ég við slík verkefni þar til ársins 2012 eða allt þar til ákvörðun var tekin um að stofna eigin fyrirtækjarekstur. Við hjónin höfum rekið fyrirtæki í ferðaþjónustu frá árinu 2011. Covid faraldurinn hefur tekið verulega á ferðaþjónustufyrirtækin síðustu tvö ár og nýverið ákváðum við hjónin að selja hluta af rekstrinum og minnka umsvifin vegna þess. Ég

Arnar Freyr Ólafsson
Oddviti Framsóknar í Árborg



er keppismaður að eðlisfari og því er einstakt að fá tækifæri til að bjóða fram krafta mína fyrir Framsókn í Árborg. Ég hlakka til að starfa í þágu samfélagsins og í samvinnu með frábæru fólki munum við vinna fyrir þig kærlesandi og halda áfram að fjárfesta í fólkinu okkar með skynsemi og lausnamiðuðu hugarfari að leiðarljósi. Hlakka til að taka samtalið við ykkur ágætu íbúar og heyra hvað á ykkur brennur.

Ég hlakka til samtalsins á komandi vikum

Vegna fjölda áskoranna hef ég ákveðið að bjóða mig fram í 3. sæti á lista Framsóknar og framfarasinna í Ölfusi fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Ég hef starfað sem framkvæmdastjóri í 3 sveitarfélögum, þar á meðal sem bæjarstjóri Ölfuss árin 2013-2108. Hef einnig reynslu af bankastörfum og var í tvö ár hjá Reykjavíkurborg sem verkefnastjóri húsnæðismála og öðlaðist þar mikilvæga reynslu á sviði sveitarstjórnarmála, ekki síst sem snýr að húsnæðismálum lágtekjufólks og eldri borgara. Við fjölskyldan höfum búið í 4 sveitarfélögum á Suðurlandi auk þess að vera búsett í Árósum í Danmörku í 4 ár. Það eru mikil verðmæti í því að búa á mismunandi stöðum, að upplifa ólík samfélög og öðlast með því reynslu og ákveðna víðsýni ekki bara tengda sveitarstjórnarmálum. Ég hef komið að og leitt stór verkefni í Ölfusi sem snerta alla málaflokka en hér má nefna endurbætur og uppbyggingu Þorlákshafnar, samninga

og samskipti við Smyril Line vegna starfsemi þeirra í Þorlákshöfn, samninga við Lýsi hf. um lokun fiskþurrkunarverksmiðju við Unubakka og uppbyggingu nýrrar verksmiðju á Víkursandi, Þorláksskóga, samninga við Laxa fiskeldi um uppbyggingu seyðaldisstöðvar í Þorlákshöfn, samskipti við forsvarmenn Landeldis um uppbyggingu í Þorlákshöfn, samninga og samskipti við Hveragerðisbæ um uppbyggingu leik- og grunnskólamannvirkja í Hveragerði með þátttöku Ölfuss o.m.fl. Í dag starfa ég sem skrifstofustjóri stéttarfélagsins Sameykis, stærsta stéttarfélgs opinberra starfsmanna á Íslandi og held utanum daglegan rekstur þess. Ég hef mikinn áhuga á íþróttum og sit í stjórn meistaraflokksráðs sameiginlegs kvennaliðs Hamars - Þórs í körfubolta. Í mínum huga er það gríðarlega mikilvægt að efla íþróttir og félagsstarf í heimabyggð svo við fáum þátttöku sem flestra og höldum unga fólkinu okkar heima. Kæri kjósandi í Ölfusi, ég

Gunnsteinn R. Ómarsson
3. sæti á lista XB Framfarasinna í Ölfusi



stend fyrir vönduð vinnubrögð, einlægni, traust og heiðarleika. Mér þykir vænt um samfélagið okkar, hér eigum við fjölskyldan heimili og hér hafa dætur mínar alist upp síðustu 9 árin. Að mínu mati eru öþrjótandi tækifæri í Ölfusi, hér er mikið og fallegt landsvæði gjöfult af orku og vatni, auk þess sem höfnin opnar hlið heimsins að Ölfusi. Nú þarf að setja allan kraft í að fjölga atvinnutækifærum á svæðinu, horfa til ábyrgar uppbyggingar á atvinnustarfsemi og hlúa að mannauði sveitarfélagsins og innviðum. Um leið og ég óska eftir þínum stuðningi, hlakka ég til samtalsins á komandi vikum og mun vinna af heilindum fyrir þig.

Íþróttamiðstöðin Borg

Við leitum að þjónustulunduðu fólki í sumarstarf frá 1. júní til 21. ágúst.
(Lágmarksaldur er 18 ára.)

STARFSSVIÐ OG VERKEFNI

- Gæsla við sundlaug, baðvörslu, afgreiðslu og eftirlit með íþróttahúsi og þreksal.
- Almenn þríf.
- Umsækjandi mun sækja námskeið í skyndihjálpar og þarf að standast hæfnispróf sundstaða.

HÆFNISKRÖFUR

- Lágmarksaldur 18 ár.
- Hafi þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum.
- Dugnaður, stundvísi og samviskusemi.
- Purfa að standast námskeið í skyndihjálpar og sundpróf laugarvarða samkvæmt reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi.
- Hreint sakavottorð.

Umsóknnum skal skila til forstöðumanns Íþróttamiðstöðvarinnar Borg á netfangið rut@gogg.is.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl 2022.

Nánari upplýsingar gefur Rut Guðmundsdóttir í síma 899-8841.

ÚTBOÐ

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:
„BES Eyrarbakki - 2203362“

Verkið felur í sér smíði og framkvæmd á 2. stk fullbúnum kennslustofueiningum, 1. stk einingu fyrir aðstöðu kennara og stjórnenda, 1. stk matsal og tengigangi, flutningi eininga, uppsetningu og frágangi. Kennslustofueiningarnar skulu þannig gerðar að hægt sé að fjarlægja einingarnar, með krana og setja niður annars staðar, þegar þörf á viðbótar kennsluhúsnæði breytist.

Verkinu skal að fullu lokið 31. júlí 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðsvef sem er aðgengilegur hér: <https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/715b76d5-2e8a-4d30-a3a9-2780e2641a72>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrár sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

Skilafrestur tilboðs er til kl. 14.00 þriðjudaginn 19. apríl 2022.

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opunar tilboða verður bjóðendum sent opnunarýfirlit rafrænt.

Mannvirkja og umhverfissvið Árborgar

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfti með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS

Fimmtudag 31. mars
kl. 14:45 í Mörk.
Helgi Hermanns og
Óli Back skemmta með
söng og gleði.

HÖRPUKÓRINN

Æfingar á mánudögum kl. 16.

SKRIFSTOFA FEBSEL

er opin eftir hádegi
á fimmtudögum.

HEILSUEFLING 60+

í Selfosshöllinni
þriðjudaga og fimmtudaga
kl. 9:30 og 10:30.

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði,
endurbætur
og viðgerðir.

Alhliða
byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aoverkt@gmail.com



Er lúsmý að plaga þig?

Höfum til sölu sérhönnuð
lúsmýsnet í metratili til að setja
fyrir glugga. Sendum samdægurs
um allt land.

Leitaðu upplýsinga og
pantaðu á Postverslun.is.

KIRKJUR

Selfosskirkja
10. apríl, pálmásunnudagur.
Fermingarmessur í Selfosskirkju
kl. 11:00 og 13:00. Ath! Engin
Sunnudagaskóli

Ólafsvallakirkja
Fermingarmessa á pálmásunn-
dag 10. apríl kl. 11. Fermd verða
tvö ungmenni. Kirkjukórinn leiðir
sönginn undir stjórn Þorbjargar
Jóhannsdóttur organista.

Skólholtsdómkirkja
Sunnudaginn 10. apríl verður
messa kl. 11 í Skólholtsdóm-
kirkju. Fermt verður í messunni
og Sr. Dagur Fannar Magnússon
verður settur inn í embætti sókn-
arprests af sr. Halldóru Þor-
varðardóttir prófasti. Boðið
verður til kaffisamsætis á veit-
ingastaðnum Hvönn í Skálholta-
skóla að messu lokinni.

Mosfellskirkja
Miðvikudaginn 6. apríl verður
föstmessa í Mosfellskirkju kl.
20.00. Miðvikudaginn 13. apríl
verður föstmessa í Mosfells-
kirkju kl. 20.00

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyravegi 67, Selfossi, 9. apríl.
Bíbliulexíur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12, með ræðu hefur Osi
Carvalho. Verið velkomin.

HÚSNÆÐI ÓSKAST

Íbúð óskast
Óska eftir 2-3 herbergja íbúð
eða álíka á Selfossi eða Hvera-
gerði. Uppl. í síma 823 4907.

Viltu vekja athygli
á Suðurlandi?

Hafðu samband og fáðu
tilboð í auglýsingar í
blaðið og á vefinn.

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is



BÍLAR

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.
Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Gyðjur til leiks

Við erum tólf vinkonur sem
höfum þekkt og haldið
hópinn þétt saman frá því í
grunnskóla. Tengsl okkar eru
sterk, við höfum upplifa gleði
og sorgir með hvor annarri, verið
stoltar, hlegið og grátið saman. Í
hverjum mánuði hittumst við og
njótum þess að bæta í minninga-
bankann okkar.

Innan okkar hóps höfum við
kynnst krabbameini betur en við
höfum kært okkur um. Ein úr
hópnum, foreldrar, systkini og
önnur skyldmenn hafa tekist á
við krabbamein. Við höfum misst
foreldra, nána ættingja, vini og
kunningja úr krabbameini. Þessi
illvígi sjúkdómur hefur haft of
mikil áhrif á okkar líf.

Saman myndum við eina
sterka liðsheimild og skráum okkur
til leiks í Styrkleikumun 2022.
Við sjáum tækifæri til að sýna
sambug, samstöðu og ekki síst
styrk til þeirra sem hafa tekist á
við krabbamein og allra þeirra
sem sjúkdómurinn hefur haft

áhrif á með einum eða öðrum
hætti. Við skráum okkur til leiks
til að sýna hvor annarri kærleika
og hlýju, sýna hvor annarri að
við stöndum saman í einu og öllu
og viljum gefa af okkar styrk og
orku.

Styrkleikarnir eru einstakt
tækifæri fyrir einstaklinga til að
mynda liðsheimild og sýna fólkinu
sínu samstöðu og um leið að
styrkja tengslin, kynnst nýju
fólki á vettvangi þar sem allir
koma saman með göfugt mark-
mið og hugarfar. Liðin halda
kefli á hreyfingu allan sólar-
hringinn, allir skila því framlagi
sem þeir treysta sér til, ekkert
er of lítið og ekkert er of mikið!
Allar upplýsingar um viðburðinn
má finna á heimasíðunni; www.
styrkleikarnir.is

Vinkonuhópurinn Gyðjurnar
hvetur alla vinahópa, stóra sem
smáa, unga sem aldna að skrá
sig til leiks og upplifa magnaðan
viðburð sem mun skilja eftir sig
fallegar og sterkar minningar.

Krístrún E. Pétursdóttir sýnir
myndir sínar í Gallery Listaseli

Krístún E. Pétursdóttir opn-
aði sýningu á verkum sínum
í dag, þann 1. apríl í Gallery
Listaseli, Brúarstræti 1 á Sel-
fossi. Sýningin mun standa út
apríl mánuð.

Krístún hefur fengist við
margskonar listsköpun í geng-
um tíðina. Síðustu ár hefur hún
helgað sína listsköpun við gerð
mynda úr bleki og með bland-
aðri tækni og er sjálfstæð í list-
sköpun sinni og hefur notið þess
að þróa sinn innri listamann.

Myndir Krístrúnar eru ab-
strakt og raðar hún á þeim sam-
an fallegum litum og formum.



Gallery Listasel er opið kl.
12.00 – 18.00 þriðjudaga til
laugardags og kl. 12.00 -16.00 á
sunnudögum.

VÖFFLUKAFFI

Vöfflukaffi laugardaginn
9.apríl milli kl.1 1:00 og 12:00
á Eyravegi 15, Selfossi



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2019; Íbúðarsvæði; Skilmálabreyting; Aðalskipulagsbreyting - 2110027

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. mars 2022 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar. Breytingin snýr að skilmálum aðalskipulagsins er varðar íbúðarsvæði í sveitarfélaginu. Fyrirhugað er að breyta skilmálum á þann hátt að heimila ný íbúðarsvæði í dreifbýli vegna sýnds áhuga landeiganda og eftirspurnar eftir slíkum lóðum. Breytingin nær til þriggja nýrra íbúðarsvæða, Arnarstaðakots L166219 þar sem fyrirhugað er uppbygging búgarðabyggðar, í landi Skálmholts land L186111 þar sem núverandi frístundasvæði og landbúnaðarsvæði innan jarðarinnar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og innan jarðarinnar Glóru á um 30 ha svæði.

2. Laugarás; Aðalskipulagsbreyting - 2110095

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Breytingin tekur til þéttbýlisins í Laugarási og frístundabyggðar sem liggur að þéttbýlinu.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

3. Skálholt L167166; Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2104083

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan Skálholts-jarðar.

4. Hlíð spilda 1 L221538; Landbúnaðarsvæði í skógræktar- og landgræðslusvæði og stækkun frístundasvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2109065

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til landsins Hlíðar, spildu 1. Á landinu er um 13 ha frístundabyggð F1, það svæði verður stækkað og verður eftir stækkun um 23 ha. Einnig verður afmarkað allt að 65 ha skógræktar- og landgræðslusvæði. Í gildandi aðalskipulagi er landið skilgreint sem landbúnaðarsvæði og telst ekki til úrvals ræktunarlands.

5. Eyvindartunga L167632; Stækkun Lönguhlíðarnámu E19; Aðalskipulagsbreyting - 2103067

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu er varðar breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að náman stækkar úr 2 ha í 4,95 ha og efnismagn úr 50.000 m³ í 149.500 m³.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Arnarstaðakot; Búgarðabyggð; Deiliskipulag - 2201058

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 8. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar í landi Arnarstaðarkots. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 23 íbúðarhúsalóðum að stærðinni frá 6.124 fm til 11.920 fm. Á þeim er heimilt að byggja íbúðarhús með geymslu/bílageymslu og eitt útihús, sem getur haft mismunandi hlutverk s.s. fyrir búfé, gróður, heilsutengda þjónustu og ferðaþjónustu. Allt dýrahald er leyfilegt innan skipulagsins en skal vera afgirt innan lóðar/spildu eða í taumi utan lóðar/spildu. Deiliskipulagið er í takt við tillögu aðalskipulagsbreytingar sem er í vinnslu og tekur til skilgreiningu nýrra íbúðarsvæða innan aðalskipulags Flóahrepps.

7. Kringla 9 L232038; Árvægsbotnar 42-56; Stofnun lóða; Deiliskipulag - 2202091

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lands Kringlu 9. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir 7 lóðum fyrir frístundabyggð.

8. Austurey 1 og 3; Eyrargata 9 og Illósvegur 6; Deiliskipulagsbreyting - 2202048

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Austureyjar 1 og 3. Í breytingunni felst að lóð Eyrargötu 9 er skilgreind sem lóð fyrir gistihús í stað frístundahúss auk þess sem breyting er gerð á legu lóðar og byggingarreitir Illósvegur 6 og skilgreindar byggingarheimildir. Samhliða er unnið að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar.

9. Laugarás; Frístundabyggð vestan þéttbýlis; Deiliskipulag - 2203003

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til frístundabyggðar vestan þéttbýlisins að Laugarási. Markmið með gerð deiliskipulagsins er að yfirfara og uppfæra byggingarskilmála frístundasvæðisins í samræmi við gildandi aðalskipulag. Frístundabyggðin er afmörkuð þannig að hún haldist samfelld, gerð verður grein fyrir uppbyggingu á lóðum innan svæðisins og settir skilmálar um landnotkun, byggingar og vernd náttúru- og menningarminja. Hugað er sérstaklega að yfirbragði byggðar svo nýjar byggingar falli vel og snyrtilega inn í umhverfið og að byggðinni sem nú þegar er til staðar.

10. Laugarás; Endurskoðun deiliskipulags - 2108094

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að kynna tillögu deiliskipulags sem tekur til endurskoðunar á deiliskipulagi Laugaráss. Stefna eldra deiliskipulags er yfirfarin og uppfærð. Fyrirkomulag nýrrar íbúðarbyggðar er endurskoðað og leitast er við að setja fram stefnu sem styrkir atvinnu og ný atvinnutækifæri. Byggð er þétt á nokkrum stöðum þar sem því verður við komið. Skilmálar fyrir lóðir eru yfirfarnir og eftir atvikum breytt. Götur eru í einhverjum tilfellum breikkaðar og breytt til að bæta umferðaröryggi og tekið frá svæði fyrir gangstéttar meðfram götum. Tekið er frá svæði fyrir nýja brú yfir Hvítá og veg að henni. Skipulagssvæðið er um 169 ha að stærð. Samhliða gerð deiliskipulagsins er gerð breyting á aðalskipulagi Laugaráss í Bláskógabyggð 2015-2027. Deiliskipulagið er í samræmi við breytt aðalskipulag. Einnig er unnið nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggðina F51 sem er vestan Laugaráss.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. Hvítuborgir L218057; Verslunar- og þjónustusvæði; Deiliskipulag - 2203020

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lóðar Hvítuborgar L218057. Í Hvítuborgum verður byggt upp svæði fyrir verslun- og þjónustu. Meginstarfsemi verður útleiga á gistirými fyrir ferðamenn og þjónusta þar að lútandi.

12. Vaðnes; Nesvegur 1-8; Deiliskipulagsbreyting - 2203024

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Nesvegur 1-8 í landi Vaðness. Í breytingunni felst breyttir deiliskipulagsskilmálar innan svæðisins auk þess sem kvaðir eru settar á lágmarks hæðarkóta vegna flóðahættu.

13. Útey 2; Frístundasvæði í Mýrarskógi; Deiliskipulag - 2201011

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. mars 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til frístundabyggðar í landi Úteyjar 2 í Bláskógabyggð. Í tillögunni felst skipulagning 8 ha frístundahúsasvæðis í Mýrarskógi. Innan svæðisins hafa nú þegar verið byggð 6 frístundahús og nær deiliskipulagið yfir þær lóðir auk þess sem bætt er við 4 lóðum innan reitsins svo lóðirnar verða 10 samtals. Lóðamörk mót suðri hafa verið aðlöguð að lóðarmörkum lóða í landi Úteyjar 1, lóða L168174 og L220202.

14. Eyvindartunga L167632; Langahlíð E19; Efnisnáma; Deiliskipulag - 2103066

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 3. febrúar 2022 að auglýsa tillögu deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Lönguhlíðarnámu merkt E19 á aðalskipulagi Bláskógabyggðar. Innan deiliskipulags eru skilgreindar heimildir vegna efnistöku á svæðinu auk þess sem gerð er grein fyrir mótvægisáðgerðum og frágangi.

Ofangreindar skipulagstíllögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.blaskogabyggd.is, www.floahreppur.is, www.gogg.is, og www.fludir.is.

Mál nr. 1-2 og 6-10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 6. apríl 2022 til og með 27. apríl 2022.

Mál nr. 3-5 og 11-14 innan auglýsingar eru auglýst frá 6. apríl 2022 til og með 20. maí 2022.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangi@utu.is

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

Bankinn vinnustofa býður Sunnlendinga velkomna til vinnu

Bankinn vinnustofa, stórglæsilegur nýr vinnustaður á Selfossi, opnar formlega fimmtudaginn 7. apríl með tilheyrandi opnunarteiti. Til stendur að bjóða áhugasömum upp á frían prufumánuð út apríl, en eftir apríl stendur fólki til boða að leigja aðstöðu hjá Bankanum vinnustofu í 12 mánuði í senn, fyrir 30.000 kr. á mánuði.

Bankinn er frábærlega staðsettur að Austurvegi 22, miðsvæðis á Selfossi. Hann er í göngu- eða hjólaferi fyrir alla Selfyssinga og að auki eru næg bílastæði við Austurveg, Bankaveg og á lóð Bankans, sunnan við húsið. Bankinn er steinsnar frá veitingastöðum, verslunum og annarri þjónustu miðbæjarins, og í næsta húsi er World Class og Sundhöll Selfoss.

Landsbankahúsið, sem reist var fyrir tæpum 70 árum í nýendurreisnarstíl, hefur löngum verið talið eitt fallegasta hús á Suðurlandi. Útibú Landsbankans mun áfram verða á jarðhæð og í kjallara hússins en vinnustofan er á tveimur efri hæðum á samtals um 500 fermetrum.

Húsnæði Bankans vinnustofu hefur algjörlega verið tekið í gegn til þess að skapa frábæra vinnuáðstöðu, góða hljóðvist og birtu, fjölbreytt aðlaðandi rými og fyrsta flokks tæknibúnað. Þar eru opin skrifstofurými og smærri skrifstofur, tveggja til tólf manna fullbúin fundarherbergi, fjárfundaklefar, setustofur, bar o.fl. Sjón er sögu ríkari. Í Bankanum vinnustofu er byggt á því að fólk með góða menntun og mörg atvinnutækifæri sæk-

ist eftir fallegu og nútímalegu vinnuumhverfi; góðu aðgengi að nýrri tækni og áhugaverðum félagsskap. Tæknilega er hægt að vinna mörg störf að heiman með fjarbúnaði, en fyrir flesta er gríðarlega mikilvægt að vera innan um aðra, að vera hluti af daglegu vinnusamfélagi sem á landsbyggðinni fæst einmitt með því að leiða fólk úr ólíkum greinum saman á fallegum stærri vinnustað.

Störf óháð staðsetningu

Bankinn vinnustofa varð til í samstarfi Sigtúns Þróunarfélags, Ríkisins, Sveitarfélagsins og Samtaka atvinnulífsins. Tilgangur samstarfsins er að skapa á Selfossi vinnusamfélag sem eykur atvinnutækifæri og nýsköpun á svæðinu, byggir upp þekkingarklasa og dregur úr umferð og mengun. Vinnustofan er hluti af átaksverkefni stjórnvalda sem miðar að því að fólk búsett á landsbyggðinni hafi fullan aðgang að störfum á Höfuðborgarsvæðinu. Allir eru velkomnir til þátttöku í Bankanum vinnustofu. Hún hentar mjög vel fyrir þá Sunnlendinga sem vinna á höfuðborgarsvæðinu, hjá opinberum aðilum, jafnt sem einkafyrirtækjum, og gætu hugsað sér að stunda hluta vinnu sinnar hér á Selfossi. En Bankinn er einnig frábær lausn fyrir þá sem vinna sjálfstætt eða hjá litlum fyrirtækjum, og hafa hag af því að deila skrifstofurými með öðrum.

Heimasíða Bankans vinnustofu fer í loftið á fimmtudag en fram að því geta áhugasamir sent póst á netfangið info@bankinnvinnustofa.is. -HGL



Myndir: Dagskráin/Helga Guðrún

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

**Efnissala
Rennismiði
Innréttingar
Járnsmiði**

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Þreint um allt Suðurland

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

auglysingar@dfs.is



ÖKULAND

**Meirapróf
Endurmenntun
Akstursþjálfun
okuland.is**

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.**

Selfossi

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Simkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson **Vilmundur Sigurðsson**
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**Sprettur
ÁBURÐUR**

Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir

**TAXI
SELFOSSI**
482-3800

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaraðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

Jiibbií
Siggaferðir

- Flutningaþjónusta -


Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.

Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur

Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is



**Hjólbarðapjónusta
Magnúsar**

Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

**Rétting
og málun**

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is